

144

8. gr.

7. júlí

Þeim þriðju 4000 krónum skal skifta í 8 staði og úthluta sem verðlaunum fyrir framúrskarandi framkvæmdir í landbúnaði, sjósókn, atvinnurekstri og fleiru. Verðlaununum úthlutar landstjórnin eftir tillögum Búnaðarfjélags Íslands, Fiskifjélags Íslands eða annara slíkra fjélaga.

Þegar sjóðurinn hefur vaxið svo, að ársvextir nema 17000 krónum, skal sveitarstjórn Seyðisfjarðarhrepps hafa sett reglur um, hvernig verja skull hinum fjórðu 4000 kr., er þá skal útborga.

Seyðisfjarðarhreppi 7. apríl 1919.

*Björn Þorláksson. Sigurður Jónsson. Eiríkur Vigfússon. Arni Friðriksson.
Vilh. Arnason.*

145

8. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms og kirkjumálaráðherra Íslands 8. júlí 1919.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Verðlaunasjóð Jóhönnu Einarsdóttur og Björns Jónssonar dannebrm. frá Sandfellshaga.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með dánargjöf Jóhönnu Einarsdóttur, að upphæð 1200 — tólf hundruð — krónur, og er tilgangur hans að verðlauna vel unnar túbætur í Axarfjarðarhreppi innan Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins skal ávaxtast í tryggri peningastofnun á Norðurlandi. Stofnfjeð má aldrei skerða, en þegar ársvextir sjóðsins nema minst 75 krónum, má verja allt að $\frac{2}{3}$ vaxtanna til verðlauna. Þegar vextir af sjóðnum nema 200 krónum, má verja $\frac{3}{4}$ þeirra til verðlauna og þegar þeir nema 300 krónum má úthluta öllum vöxtum. Afgang vaxtanna sem til felst í hvert skifti skal jafnaa leggja við höfuðstólinn.

3. gr.

Stjórn sjóðsins sje skipuð 3 mönnum, hreppstjóra Axarfjarðarhrepps, formanni búnaðarfjélagsins í sama hreppi, meðan þetta fjelag er starfandi og þriðja manni, er sýslunefndin kys innan hreppsins. Hætti búnaðarfjelagið störfum sínum, kys hreppsnefndin í Axarfjarðarhreppi einn mann í stjórnina. Sama gildir ef hreppstjóri og formaður Búnaðarfjélagsins er sami maður. Hreppstjóri er formaður stjóruarnefndarinnar.

4. gr.

145

8. júl

Ár hvert, nálægt fardögum, skal stjórnin eiga fund með sjer, skal hún þá athuga vendilega túbætur þær, er gjörðar hafa verið í hreppnum næstliðið ár. Vettir hún síðan einum eða fleiri hreppsþúum verðlaun úr sjóðnum fyrir vel unnar túbætur, er hún telur verðlaunaverðar. Verðlaun mega aldrei minni vera en 50 krónur. Til túbóta telst: túnsljettun. framræsla, girðingar og önnur varsla, bætt hagnýting áburðar, sjerstaklega áburðarhús og safnþrær steinflmd eða gjörð úr öðru jafntryggu byggingarefni.

Nú telur stjórnin ekkert það gert hafa verið, síðastliðið ár, er verðlauna sje vert, má þá geyma upphæð þá, er veita mátti til næsta árs, ella skal leggja hana við höfuðstólinn.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og gerir formaður stjórnarnefndarinnar þegar eftir hver árslok reikning sjóðsins, er hann sendir sýslunefnd til athugunar og endurskoðunar ásamt skýrslu um störf sjóðsins umliðið ár.

6. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðst konunglegrar staðfestingar.

Samkvæmt erfðaskrá Jóhönnu sál Einarsdóttur frá Sandfellshaga 4. júlí 1916, höfum við undirritaðir samið framanskráða skipulagsskrá og undirritað hana.

Húsavík 24. febrúar 1919.

St. Guðjohnssen. Páll Jóhannesson. Steingrímur Jónsson

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelags Svalbarðsstrandar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919. 146

Skipulagsskrá

fyrir »Minningarsjóð Kvennfjelags Svalbarðsstrandar«.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af »Kvennfjelagi Svalbarðsstrandar« til styrktar fátækum sjúklingum í Svalbarðsstrandarhreppi. Sjóðurinn heitir: »Minningarsjóður Kvennfjelags Svalbarðsstrandar« og er að upphæð 100.00 kr. Sjóðurinn er upphaflega stofnaður af minningargjöfum, og er tilgangur Kvennfjelagsins að auka hann á sama hátt framvegis, en öðrum gjöfum einnig veitt móttaka.